

Ekki getur yfirdómurinn fallist á, að ástæða sje til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa málsýfingu.

Dvíðæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 6/1884

Rjettvísín

gegn

Bjarna Grímssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísa-fjarðarkaupstaðar 26. okt. f. á., var hinn ákærði, Bjarni Grímsson dæmdur fyrir þjófnað til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, alþingismanns Th. Thorsteinssonar, 4 kr. Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins eins og honum líka er áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Bjarna Grímssonar, og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann í fyrra haust tók til sín 10 króna gullpening, er var meðal annara peninga á kofforti úti á stræti á Ísafirði niður við sjó. Höfðu peningar þessir verið teknir upp úr koffortinu af sýslumanni og mönnum, sem með honum voru, og látnir ofan á koffortið. Peningurinn var litlu eptir tekinn af hinum ákærða; Þegar ákærði tók peninginn var hann nokkuð drukkinn, en þó ekki svo, að því fram er komið í málinu, að álitid verði, að hann hafi ekki fyllilega verið sjer

Þess meðvitandi, hvað hann aðhafðist. — Undirdómarinn hefur því með rjettu dæmt hann, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður, að því upplýst er, verið hegnt fyrir neinn glæp, eptir 230. gr. hegningarlaganna, og með því hegningin virðist hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins að því málskostnað snertir, ber að staðfesta hann. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeradsdómnum í máli þessu skal óraskað. Hinn ákærði, Bjarni Grímsson, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.